

Verkefnisstjórn rammaáætlunar
Faghópur 3 í 6. áfanga rammaáætlunar
b.t. Birgis Guðmundssonar, formanns

Húnaþingi vestra, 10. september 2026
Mál nr. 2609018 U.V.H.

Efni: Umsögn um vindorkuhugmyndirnar Alviðru, Garpsdal og Sólheima sem eru til umfjöllunar í 6. áfanga rammaáætlunar.

Á 406. fundi sveitarstjórnar Húnaþings vestra, sem haldinn var þann 10. september 2026, voru teknar fyrir umsagnarbeiðnir faghóps 3 í 6. áfanga rammaáætlunar, dagsettar 25. ágúst 2026, um vindorkuhugmyndirnar Alviðru í Borgarbyggð, Garpsdal í Reykhólahreppi og Sólheima í Dalabyggð. Svohljóðandi var bókað:

1. Almenn afstaða til vindorkunýtingar að óbreyttum ramma

Sveitarstjórn Húnaþings vestra vísar til fyrri umsagna sveitarfélagsins um vindorkumál. Í umsögn byggðarráðs frá 29. apríl 2024 um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu vindorku á Íslandi, 899. mál, var fjallað um grein tillögunnar númer 1.6, þar sem kveðið var á um að stefnt skyldi að því að sú verðmætasköpun sem hagnýting vindorku hefur í för með sér skilaði sér til samfélagsins. Byggðarráð taldi ástæðu til að sterkar væri að orði kveðið og fór fram á að í stað þess að stefnt yrði að þessu yrði tryggt að nærsamfélagið nyti ábata af rekstri vindmylla. Í umsögn frá 3. febrúar 2025 um tillögu að flokkun tíu vindorkuverkefna, mál nr. S-7/2025 í samráðsgátt stjórnvalda, taldi byggðarráð ógerning að taka afstöðu til einstakra virkjunarkosta nema laga- og regluramminn væri skýr af hálfu hins opinbera og sveitarfélög gætu aðlagð skipulagsáætlanir sínar að þeim ramma.

Sú afstaða stendur óbreytt. Meðan ábati af vindorkuvinnslu skilar sér ekki með tryggum og fyrirsjáanlegum hætti til þeirra byggða sem bera álagið af henni, telur sveitarstjórn að félagslegt leyfi fyrir uppbyggingu vindorkuvera sé ekki fyrir hendi. Í óbreyttri stöðu eru verðmæti fönguð á einu svæði og hagnýtt á öðru, á meðan sjónræn áhrif, rask og önnur neikvæð áhrif sitja eftir hjá því samfélagi sem næst býr. Sveitarstjórn telur það fyrirkomulag hvorki sanngjarnt né til þess fallið að skapa sátt um málaflokkinn.

Sveitarstjórn bendir á að þó úrbætur séu sagðar í farvegi hafa þær ekki komið til framkvæmda. Í umsögn byggðarráðs 5. júní 2025 um áform um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, mál nr. S-89/2025 í samráðsgátt stjórnvalda, var fagnað áformum um að fella úr gildi undanþágu rafveitna frá fasteignamati, enda réttlætismál sem sveitarfélögin hafi barist fyrir um árábil. Jafnframt var fagnað því að gjöldin sem innheimt yrðu gætu dreifst á milli fleiri en eins sveitarfélags og að hluti teknanna rynni til sveitarfélaga í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Byggðarráð hvatti til þess að ráðist yrði í lagabreytinguna eins fljótt og kostur væri. Rúmu ári síðar er hún enn ekki komin til framkvæmda. Drög að frumvarpi um rýmiseignir, mál nr. S-51/2026 í samráðsgátt stjórnvalda, útfærir þau áform og skilgreinir 30 km áhrifasvæði

vindorkuvera. Sú skilgreining er einmitt forsenda þess að Húnaþing vestra er umsagnaraðili um þær þrjár virkjunarhugmyndir sem hér um ræðir. Faghópur 3 bendir sjálfur á í erindi sínu að óvissa ríki um útfærslu og umfang þeirra breytinga. Sveitarstjórn telur að meðan sú óvissa varir sé ekki unnt að leggja raunhæft mat á efnahagslegan ávinning nærsamfélagsins, sem er þriðja viðfang faghópsins, og að niðurstöður um það viðfang verði að skoðast með þeim fyrirvara.

2. Haförn

Sveitarstjórn telur að best hefði farið á því að lagarammi um vindorkuver hefði þegar í upphafi verið settur með þeim hætti að vindorkuver væru óheimil með lögum á varp- og vetrarstöðvum hafarnar. Í f-lið 5. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun, eins og þeim var breytt með lögum sem samþykkt voru 19. júní 2026, er einungis mælt fyrir um að verkefnisstjórn skuli líta til þess hvort virkjunarhugmynd hafi áhrif á alþjóðlega mikilvæg fuglasvæði, farleiðir fugla og búsvæði. Sveitarstjórn telur það veikari vernd en tilefni er til.

Haförn er sjaldgæfasti ránfugl landsins og á lista yfir tegundir í hættu. Stofninn telur um 75 varppör, eða um 200 til 250 fugla. Tegundin var alfriðuð árið 1913 en var þrátt fyrir það nærri útdauð um 1960, þegar aðeins um 20 pör lifðu. Höfuðstöðvar stofnsins hafa ávallt verið á Vesturlandi, Vestfjörðum og Norðurlandi vestra, en meirihluti hans verpir við Breiðafjörð. Þótt margt hafi áunnist í vernd hafarna er stofninn enn afar viðkvæmur og sveitarstjórn telur fulla ástæðu til að hafa djúpstæðar áhyggjur af honum verði vindorkuver reist í stórum stíl á útbreiðslusvæði hans. Bæði Garpsdalur og Sólheimar liggja innan þess svæðis.

Sveitarstjórn minnir á að í umsögn byggðarráðs 3. febrúar 2025 var sérstaklega bent á farleiðir hafarna yfir virkjunarkostinn Hrutavirkjun, sem er innan Húnaþings vestra, og talið brýnt að sá þáttur yrði skoðaður betur áður en ákvörðun yrði tekin um framhald verkefnisins. Sveitarstjórn gerir sömu kröfu um kosti í nágranna-sveitarfélögum og gerð var um kost í eigin landi. Þá liggur fyrir að það sem einkum mælti gegn því að Garpsdalur yrði færður í orkunýtingarflokk að mati verkefnisstjórnar 5. áfanga voru ný gögn um farleiðir hafarna.

Sveitarstjórn telur að varúðarreglan eigi að ráða. Óvissu um áhrif á arnarstofninn ber að eyða áður en virkjunarhugmynd er færð úr biðflokki, og fullnægjandi og óyggjandi rannsóknargögn þurfa að liggja fyrir áður en sú ákvörðun er tekin.

3. Skipulagsréttur nágrannasveitarfélaga og sjónræn áhrif

Sveitarstjórn Húnaþings vestra virðir skipulagsrétt nágrannasveitarfélaga sinna og lítur á skipulagsvaldið sem hornstein sjálfstjórnarréttar sveitarfélaga. Í umsögn þessari felst engin krafa um að gengið verði á þann rétt.

Því er þó ekki að leyna að íbúar og ferðamenn í Húnaþingi vestra verða fyrir sjónaréiti af vindorkuverum sem reist eru við sveitarfélagamörkin. Þegar mannvirki eru staðsett við mörkin fellur sjónrænt álag í ríkara mæli á íbúa handan þeirra en á þá sem búa í því sveitarfélagi sem tekur ákvörðunina og nýtur hugsanlegra tekna af starfseminni, ef einhverjar verða. Sveitarstjórn telur að taka eigi mið af þessu við staðarval og útfærslu og að umsagnir nágrannasveitarfélaga, sbr. a-lið 5. gr. laganna, þurfi að hafa raunverulegt vægi við matið en ekki einungis formlegt.

4. Hvatning til verkefnisstjórnar

Að öllu ofansögðu hvetur sveitarstjórn Húnaþings vestra verkefnisstjórn rammaáætlunar til dáða. Full þörf er á að koma góðum og faglegum ramma utan um vindorkunýtingu áður en umfang hennar vex frekar. Sveitarstjórn ítrekar jafnframt athugasemd byggðarráðs frá 3. febrúar 2025 um að einkaaðilar geti óskað eftir mati á virkjunarkosti innan sveitarfélags án nokkurs samtals við sveitarfélagið sem fer með skipulagsvaldið eða við íbúa í nærumhverfinu. Slíkt vinnulag dregur úr trausti heimamanna og vinnur beinlínis gegn fyrsta viðfangi faghópsins, samheldni samfélags.

5. Athugasemdir við einstakar virkjunarhugmyndir

Alviðra, Borgarbyggð (R4331A, um 98 MW).

Alviðra er sá kostanna þriggja sem fjærst liggur byggð í Húnaþingi vestra og bein sjónræn áhrif á byggðakjarna sveitarfélagsins verða að öllum líkindum takmörkuð. Sveitarstjórn hefur því ekki forsendur til að leggja sjálfstætt mat á sjónræn áhrif kostsins. Sveitarstjórn bendir á að fram hefur komið skýr og skjalfest andstaða íbúa í nærumhverfi fyrirhugaðs virkjunarsvæðis á Grjóthálsi og telur að sú afstaða eigi að vega þungt við mat samkvæmt a-lið 5. gr. laganna. Almenn afstaða sveitarstjórnar samkvæmt liðum 1, 3 og 4 hér að framan á við um kostinn. Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við Alviðru á þeim grundvelli sem frá greinir í lið 2 hér að framan.

Garpsdalur, Reykhólahreppi (R4328A, um 88 MW).

Meginathugasemd sveitarstjórnar við Garpsdal lýtur að haferni, sbr. lið 2 hér að framan. Verkefnisstjórn 5. áfanga lagði til biðflokk fyrir kostinn og vísaði þar einkum til nýrra gagna sem sýndu að hafernir flygju í einhverjum tilvikum nálægt og mögulega yfir fyrirhugað virkjunarsvæði. Sveitarstjórn telur að þeirri óvissu verði að eyða með fullnægjandi rannsóknum áður en kosturinn er færður úr biðflokki, og að tímarammi verkefnisstjórnar megi ekki ráða því hvenær sú niðurstaða fæst.

Sólheimar, Dalabyggð (R4318A, um 209 MW).

Sólheimar eru langstærsti kosturinn af þeim þremur og sá sem næst liggur mörkum Húnaþings vestra. Athugasemdir sveitarstjórnar við hann eru því veigamestar. Sjónræn áhrif versins munu ná inn í Húnaþing vestra, meðal annars á Laxárdalsheiði og við sunnanverðan Hrútafjörð, og inn í Línakradal, og hafa þar með áhrif á upplifun íbúa og ferðamanna á leiðum um sveitarfélagið. Sveitarstjórn óskar sérstaklega eftir því að við mat faghópsins verði gerð grein fyrir sjónrænum áhrifum kostsins handan sveitarfélagamarka, ekki einungis innan Dalabyggðar.

Sveitarstjórn óskar jafnframt eftir að metin verði uppsöfnuð áhrif Sólheima ásamt öðrum vindorkuáformum á sama svæði, meðal annars Hróðnýjarstöðum, og með tilliti til þeirra flutningsmannvirkja sem slík uppbygging kallar á. Loks eiga athugasemdir sveitarstjórnar um haförn samkvæmt lið 2 við um Sólheima með sama hætti og um Garpsdal.

6. Niðurstaða

Sveitarstjórn Húnaþings vestra telur að ekki séu forsendur til að færa neina þessara þriggja virkjunarhugmynda úr biðflokkki að svo stöddu. Þar ræður annars vegar að lagaramminn um skiptingu ábata af vindorkuvinnslu milli ríkis, framkvæmdaraðila og nærsamfélags er enn í mótun og forsendur mats á efnahagslegum ávinningi nærsamfélags því óljósar, og hins vegar það að óvissu um áhrif vindorkuvera á haförn hefur ekki verið eytt. Sveitarstjórn hvetur til þess að þeirri vinnu verði lokið og að hún verði unnin í nánú samráði við sveitarfélögin sem fara með skipulagsvaldið.

Ofangreint tilkynnist hér með.

Sveitarstjórn áskilur sér rétt til frekari umsagnar á síðari stigum málsins og lýsir sig tilbúna til samtals við faghóp 3 og verkefnisstjórn rammaáætlunar um efni umsagnar þessarar.

F.h. sveitarstjórnar Húnaþings vestra,



Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri.